

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Svalbarðsstrandarhreppi 2011.

1. gr.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á sorpgjald í sveitarfélaginu fyrir árið 2011 skv. gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

| | |
|------------------------------------|------------|
| Íbúðir | kr. 30.000 |
| Frístundahús | kr. 10.000 |
| Stærri býli (mjólkurframleiðendur) | kr. 18.000 |
| Minni býli og aðrir búfjáreigendur | kr. 10.000 |

3. gr.

Heimilt er sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps að veita 50% afslátt til elli- og örorkulífeyrisþega frá gjaldskrá fyrir íbúðir.

4. gr.

Gjöld vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum og stofnunum er skv. gjaldskrá Flokkunar Eyja-fjarðar ehf. Fyrirtæki sem kjósa að nýta sér gáma á vegum sveitarfélagsins skulu greiða sorpgjald að lágmarki kr. 18.000. Heimilt er að leggja álag á fyrirtækjagjald samkvæmt mati sveitarstjórnar á sorpmagni frá viðkomandi fyrirtæki, þannig að tryggt sé að gjaldið standi undir þjónustunni.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra með heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, sbr. einnig 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Svalbarðsstrandarhreppi nr. 1010/2009.

Svalbarðsstrandarhreppi, 27. janúar 2011.

Jón Hrói Finnsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 28. janúar 2011